

Þriðjudaginn 27. júní 1995.

Nr. 212/1995.

Guðrún Guðbjartsdóttir

Lilja Guðbjartsdóttir

Vigdís Guðbjartsdóttir

persónulega og

f. h. dánarbús Guðbjarts Benediktssonar

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

gegn

Kristínu Árnadóttur

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 18. maí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. júní sl. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 5. maí 1995. Sóknaraðilar krefjast þess, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi verði teknar til greina, auk þess sem krafist er kærumálskostnaðar.

Varnaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 18. maí 1995. Krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar, málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Þorgerði Erlendsdóttur, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjaness. Í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Verður að telja þetta eiga jafnt við um einkamál sem opinber mál. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins í héraði. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.
